

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar, nr. 517/2000, með síðari breytingum.

1. gr.

45. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku, fimmtudaga samkvæmt nánari ákvörðun formanns bæjarráðs og bærarstjóra.

Aukafundi skal halda ef bærarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 57. gr. samþykktarinnar:

a) 13. tölul. verður svohljóðandi:

Skólanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin er bærarstjórn til ráðuneytis í málefnum grunnskólans. Nefndin annast einnig málefni leikskóla, sbr. lög um leikskóla nr. 78/1994.

b) Við bætist nýr töluliður sem verður 23. tölul. svohljóðandi:

Skólanefnd tónlistarskóla. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bærarstjórn til ráðuneytis í málefnum Tónlistarskólans á Akranesi.

Samþykkt þessi, sem bærarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. desember 2007.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.